

Fjármálaráðuneytið lætur gera skrá um verð á algengustu tegundum nýrra bifreiða til leiðbeiningar fyrir tollstarfsmenn við ákvörðun tollverðs samkvæmt auglýsingu þessari.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 1. júlí 1972 og er þá jafnframt úr gildi numin auglýsing nr. 178/1971 og 201/1971 um sama efni.

Fjármálaráðuneytið, 3. maí 1972.

Halldór E. Sigurðsson.

Björn Hermannsson.

AUGLÝSING

varðandi hreindýraveiðar.

Ráðuneytið frestar fyrst um sinn, unz öðruvísi kynni að verða ákveðið, framkvæmd reglna nr. 263/1960, um hreindýraveiðar í Múlasýslum.

Menntamálaráðuneytið, 26. júlí 1972.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um að ákvæðum 1. mgr. 28. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968, skuli ekki beitt gagnvart þegnum tiltekinna ríkja.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 28. gr. laga um vörumerki, nr. 47 2. maí 1968, hefur ráðuneytið ákveðið, að fengnum yfirlýsingum um gagnkvæma réttarvernd, að ákvæðum 1. mgr. 28. gr. nefndra laga, varðandi skyldu erlendra aðila, sem sækja um að skrásetja vörumerki hér á landi, til að leggja fram vottorð um samsvarandi skrásetningu í heimalandi sínu, skuli ekki beitt gagnvart þegnum Frakklands.

Iðnaðarráðuneytið, 31. júlí 1972.

Magnús Kjartansson.

Árni Snævarr.